

**Sp. 524. Tillaga til þingsályktunar [222. mál]**

um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um, að á vegum jarðhitasjóðs verði hið fyrsta hafizt handa um nauðsynlegar frumathuganir á jarðhitasvæðum víðs vegar um landið.

Að því loknu verði framkvæmdar tilraunaboranir. Skal fyrst hefja framkvæmdir á þeim jarðhitasvæðum, þar sem helzt er að vænta góðs árangurs og þar sem aðstaða að öðru leyti er bezt til hagnýtingar orkunnar.

Greinargerð.

Fyrir síðasta þingi lágu allmargar tillögur um jarðhitaleit á ýmsum stöðum á landinu. Fjárveitinganefnd, sem hafði tillögurnar til athgunar og umsagnar, var þá á einu máli um, að ályktun Alþingis í þessum efnun bæri að miða við landið í heild. Nefndin flutti því sjálfstæða tillögu um málið, og gekk hún í sömu átt og ofanrituð tillaga, en vegna þess, hve tillagan kom seint fram á þinginu, hlaut hún eigi fullnaðarafgreiðslu. — Nú hafa þingmenn Vesturlandskjördæmis endurflutt tillögu sína um jarðhitarannsóknir í Borgarfjarðarhéraði. Með hliðsjón af framan-sögðu vill fjárveitinganefnd leggja til, að Alþingi afgreiði málið með því að samþykkja þessa tillögu nefndarinnar.